

Breytingartillögur

við frv. til l. um verðbréfavíðskipti.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „6. mgr.“ í lokamálslið 3. mgr. komi: 7. mgr.
2. Við 20. gr. Við 3. mgr. bætist: Ef einkaumboðsmaður er lögaðili skal framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.
3. Við 26. gr. Á undan orðinu „hagsmunum“ í 3. mgr. komi: og.
4. Við 79. gr.
 - a. Á eftir orðunum „þriðji aðili fer tímabundið með“ í 2. tölul. komi: gegn endurgjaldi.
 - b. Á eftir orðinu „umboðsmaður“ í 8. tölul. komi: fer með.
5. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað „34. gr.“ komi: 34. gr. a.
6. Við frumvarpið bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
 - a. (IV.)

Nú átti eigandi hlutafjár meira en 40% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. júlí 2003 og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. 100. gr. laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta margfeldi af fimm. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 40% atkvæða í félaginu 1. júlí 2003.

b. (V.)

Nú fór aðili 1. júlí 2005 með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. 37. gr. laga nr. 33/2003, sbr. lög nr. 31/2005, og er hann þá ekki tilboðsskyldur við gildistöku laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta margfeldi af fimm.